

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Móahverfi.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 29. mars 2023 breytingu á deiliskipulagi fyrir Móahverfi. Breytingin er til komin vegna endanlegrar hönnunar hverfisins og felur m.a. í sér að bætt er við hljóðmön meðfram Síðubraut að vestan, bætt er við lóð fyrir dreifistöð rafveitu við enda Skuggamóa, ýmsar smávægilegar breytingar eru gerðar á stærðum lóða, legu göngustíga, lagna og bílastæða ásamt því að fjallað er um akstursleið og biðstöðvar almenningsvagna.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 14. apríl 2023,

María Markúsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfudagur: 28. apríl 2023